

ara. Einnig ber þeim að gæta þess, að byggingarfróðir menn virði húseignir, og að virðingarmenn á jörðum sju góðir og greindir búmenn. Bezt virðist fara á því, að hreppstjórar eða úttektarmenn verði kvaddir til þess að virða jarðeignir, sju ekki tengdir eða skyldleiki því til fyrirstöðu. En sýslumaður er ekki bundinn við hreppstjóra eða úttektarmenn. Það er jafnvel ekkert því til fyrirstöðu, að hann skipi utansveitar- eða utan hjeradsmenn til þess að framkvæma virðinguna, ef þeir fást til þess, og verða að álitast eins kunnugir búnaðarháttum í viðkomandi sveit eða hjeradi og innansveitar- eða hjeradsmenn.

7.

Þegar virðingargjörðin er um garð gengin og rituð, skulu virðingarmennirnir bæta við hana yfirlýsingu um, að þeir sju fúsir á að staðfesta hana með eidi, ef krafizt verður. Ef hreppstjóri eða úttektarmaður tekur þátt í virðingunni, ber honum þar að auki að skírskota til eids þess, er hann hefir unnið sem hreppstjóri eða úttektarmaður. Þar eptir dagsetja þeir gjörðina, rita nöfn sín undir hana, og senda hana sýslumanni, er fer nákvæmlega yfir hana og ritar á hana athugasemdir sínar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 29. nóv. 1878.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um innheimtingu vitagjalds.* — Jafnframt því að leiða þóknanlegt athygli yðar, herra amtmaður, að auglýsingu þeirri um, að vitinn á Reykjanesi komi í fullt gagn 1. desember, er prentuð er í stjórnartíðindunum B 1878 — 155, og að lög um vitagjald af skipum, dagsett 12. apríl 1878 nái gildi frá sama degi, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir hlutadeigandi lögreglustjóra (bæjarfógeta og sýslumenn) að heimta inn gjald þetta frá nefndum degi með öðrum skipagjöldum, og að rita það í sjerstakan dálk, er gjöra skal í hinni löggiltu aukatekjubók á eptir þeim dálki, sem ritað er yfir: «Erfðafjárskattur», og skal síðan gjöra grein fyrir vitagjaldinu, samkvæmt fyrirmælum reglugjörðar 26. maí þ. á.

Þar að auki ber hlutadeigandi reikningshöldurum í janúarmánuði ár hvert að senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja skrá um öll skip þau, er gjöld hafa verið heimtuð af, og skal skrá þessi innihalda hinar nauðsynlegu skýringar um nöfn skipanna, hvar þau eigi heima, hve mikið þau beri, hve nær þau hafi komið á viðkomandi höfn, hve nær greitt gjaldið, og hve mikil upphæð þess hafi verið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um skil fyrir aukatekjum.* — Með brjefi frá 10. október þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Árnessýslu, þar sem hann setur fram nokkrar spurningar, viðvikjandi reglugjörð 25. maí þ. á. um innheimtingu og reikningsskil á aukatekjum o. fl. og látið þjer í ljósi um þær það álit,

1. að hagfelldast sje að reikna tímabil það, er getur um í 5. grein reglugjörðarinnar þannig, að hinn fyrsti ársfjórðungur, sem reikningsskil eiga að gjörast fyrir, teljist til 30. september, og síðan sje farið eptir almanaksárinu.

175
29. nóv.

176
29. nóv.

177
4. desbr.

177
4. desbr. 2. að gjöld þau, er getur um í næst síðasta dálki fyrirmyndarinnar við reglugjörðina, eigi ekki að greiðast í landssjóð, og

3. að þar sem gjaldheimtumenn eru skyldir að gjöra grein fyrir aukatekjum og gjöldum þeim, er til falla á hverjum ársfjórðungi með næsta pósti þar á eptir, geti þeir því að eins tekið gjöldin undir sjálfum sjer upp í laun sín, að launin sjeu komin í gjalddaga, og beri þeim þá að senda landfógeta í stað peninga kvittun fyrir laununum.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg fellst á það, sem þjer þannig hafði tekið fram.

178
10. desbr. — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um húsa-skatt af torfbøjum.* — Út af fyrirspurn hreppstjórans í Akraneshreppi, er jeg meðtók með brjefi yðar, herra sýslumaður frá 15. f. m. vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að torfbøjir eru skattskyldir eigi síður en önnur hús, samkvæmt lögum 14. desember f. á. og að virða skal með hverri húseign geymsluhús þau, skemmur, hjalla og smiðjur, er henni fylgja. Ofnar, eldunarvjarlar, rúm í svefnhúsum, smiðjubelgir, steðjar og önnur slík áhöld verða þar á móti því að eins talin með húseign, að þau sjeu múruð inn í húsið, eða fest við það á þann hátt, að það sje ljóst, að ætlast hafi verið til, að þau fylgdu húsinu, meðan það væri notað.

179
16. desbr. — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um viðgjörð við dómkirkjuna.* — Eptir að jeg samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 15. ágúst þ. á. (Stjórnartíð. B, 128) hefi gjört samning við Jakob trjesmið Sveinsson um að hann takist á hendur viðgjörð við Reykjavíkur dómkirkju árið 1879, þannig að verkið á að byrja svo snemma að vorinu, sem tíð og veðurlag leyfa, og vera leitt til lykta, að minnsta kosti svo, að messað verði í kirkjunni, fyrir veturnatur 1879, vil jeg hjer með þjónustusamlega mælast til þess, að stiptyfirvöldin vildu þóknanlega gjöra nauðsynlega ráðstöfun til þess:

1. að útvegað sje hæfilegt húsnæði til guðspjónustugjörðar, meðan á verkinu stendur og dómkirkjan ekki verður notuð til þess, eptir því sem að ofan er ávíkið, eða frá 1. apríl til veturnotta 1879.
2. að stiptybókasafnið og forngripasafnið, sem og hvað helzt annað, sem kynni að vera geymt á kirkjuloptinu, og sem gæti hindrað viðgjörðina, sje flutt burt þaðan fyrir lok marzmánadar, og er það áskilið í samningnum, að þetta sje gjört, án þess yfirsmiðurinn kosti nokkru þar til.

180
20. desbr. — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um kirkjulegt tímarit.* — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi frá 23. f. m. hefi meðtekið álit stiptyfirvaldanna um beiðni dómkirkjuprests sira Hallgríms Sveinssonar, að sjer verði veittur 250 til 300 kr. árlegur styrkur til að kosta kirkjulegt tímarit, sem þeir prófastur sira Þórarinn Böðvarsson ætla sjer að gefa út eptir áskorun prestafundarins (synodus) og kalla: «Kirkjutíðindi fyrir Ísland», og sem ætlast er til, að komi út 4 sinnum á ári, hjer um bil 3 arkir í hverju hepti, hefi jeg af upphæð þeirri, sem í 15. gr. fjárlaganna fyrir 1878 og 1879 er ætluð til eflingar vísindalegra og verklegra fyrirtækja, veitt sem styrk í tjeðu tilefni 100 kr. fyrir það tvöfalda hepti, sem til er ætlast, að komi út fyrir þetta ár. og 200 kr. fyrir árið